

Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í apríl og maí 2023

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. júní 2023


Akureyri. Í ár hófust frjómælingar 31. mars á Akureyri. Fyrstu þekktu frjókornin komu í frjógildruna daginn eftir og voru það lyng- og víðifrjó. Heildarfjöldi frjókorna í apríl var 16 frjó/m³, sem er vel undir meðallagi (meðaltal í apríl er 61 frjó/m³). Aðallega voru það lyngfrjó sem mældust.

Í maí voru frjókorn nær samfelld í lofti allan mánuðinn, alls 185 frjó/m³. Það er langt undir meðaltali í maí sem er 534 frjó/m³. Helmingur frjókornanna mældist á þriggja daga tímabili, 18.–20. maí, flest 19. maí en þá mældust 64 frjó/m³, þar af 50 víðifrjókorn.

Á Akureyri mældist fyrsta birkifrjókorn ársins þann 15. maí og frá 18. maí mældust þau alla daga nema einn. Alls mældust 50 birkifrjó/m³ í maí sem er mikið undir meðallagi en meðaltal þeirra í maí er 325 frjó/m³. Birkifrjó eru almennt í lofti í 2–4 vikur og gætu mælst eitthvað áfram í júní ef þannig viðrar.

Aðrar frjógerðir sem mældust á Akureyri í maí voru aðallega víðifrjó (101 frjó/m³), ásamt lyngfrjóum (13 frjó/m³) og asparfrjóum (11 frjó/m³), en asparfrjó hafa einungis tvisvar áður mælst svo fá í maí.

Akureyri – Maí 2023



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfrjó ásamt heildarfrjótölu í maí á Akureyri. Frjótala birkis fór mest í 8 frjó/m³ þann 19. maí. Mikið mældist af víðifrjóum í mánuðinum og nokkuð af lyng- og asparfrjóum. Grasfrjó eru ekki byrjuð að mælast. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Í ár hófust frjómælingar í Garðabæ 23. mars og kom fyrsta frjókornið í frjógildruna 27. mars. Einungis mældust 5 frjó/m³ í mánuðinum, flest ógreinanleg nema eitt furufrjó.


Í apríl mældust alls 28 frjó/m³ sem er nokkuð undir meðallagi en meðaltal síðustu ára er 50 frjó/m³. Mest mældist af lyng- og víðifrjóum eða samtals 21 frjó/m³. Einungis eitt asparfrjó mældist í mánuðinum.

Heildarfjöldi frjókorna í maí var 45 frjó/m³ og hafa aldrei áður mælst svo fá í mánuðinum (meðaltal í maí er 295 frjó/m³). Þessi fáu frjókorn dreifðust nokkuð vel og voru flesta daga í lofti þó aldrei fleiri en 4 frjó/m³. Í átta daga mældust engin frjókorn í Garðabæ.

Fyrsta birkifrjókornið kom í gildruna 15. maí. Alls mældust birkifrjó 18 frjó/m³ sem er vel undir meðaltali maímánaðar (153 frjó/m³). Eins og á Akureyri má búast við að frjótími birkis teygi sig inn í júní ef veðurskilyrði verða hagstæð.

Aðrar frjógerðir sem mældust í Garðabæ í maí voru einkum lyngfrjó (12 frjó/m³), víðifrjó (8 frjó/m³) og asparfrjó (5 frjó/m³) en asparfrjó hafa aldrei áður mælst svo fá í maí.

Garðabær - Maí 2023



Myndritið sýnir birki- gras- og asparfrjó ásamt heildarfrjótölu í maí í Garðabæ. Frjótölur aspar mældust aðallega fyrri hluta maí og birkið tók síðan við. Frjótala birkis fór hæst í 4 frjó/m³, þann 27. maí. Grasfrjó eru ekki byrjuð að mælast. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofti viðkomandi sólarhring.

Skýringuna á þessum lágu frjótölum, á Akureyri og á höfuðborgarsvæðinu, er að finna í kulda og bleytu sem hefur einkennt vorið og byrjun sumars. Það gerir gróðri erfitt fyrir en kemur sér vel fyrir þá sem eru haldnir frjókornaofnæmi.

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabær, 7. júní 2023

Ellý Guðjohnsen
Netfang elly@ni.is
www.ni.is

